

2002 nr. 80 10. maí**Barnaverndarlög**

Tóku gildi 1. júní 2002, sjá þó 101. gr.

I. kafli. Markmið barnaverndarlaga o.fl.**■ 1. gr. Réttindi barna og skyldur foreldra.**

□ Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska.

□ Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeiddisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeiddisáðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna. Aðrir sem koma að uppeldi barna skulu sýna þeim virðingu og umhyggju.

■ 2. gr. Markmið og lögsaga.

□ Markmið laga þessara er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi áðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeiddishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við.

□ Lögin taka til allra barna sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins.

■ 3. gr. Skýring hugtaka.

□ Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga yngri en 18 ára. Barnaverndaryfirvöld geta ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs.

□ Með barnaverndaryfirvöldum er átt við félagsmálaráðuneytið, Barnaverndarstofu, kærunefnd barnaverndarmála og barnaverndarnefndir.

□ Með foreldrum er að jafnaði átt við þá sem fara með forsjá barns. Um inntak forsjár fer samkvæmt ákvæðum barnalaga.

■ 4. gr. Meginreglur barnaverndarstarfs.

□ Í barnaverndarstarfi skal beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda.

□ Í störfum sínum skulu barnaverndaryfirvöld taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til.

□ Barnaverndarstarf skal stuðla að stöðugleika í uppveiti barna.

□ Barnaverndaryfirvöld skulu leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þau hafa afskipti af og ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu.

□ Barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum leitast við að hafa góða samvinnu sín á milli og við aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna.

□ Barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum og öllum ákvörðunum gæta samræmis og jafnræðis.

□ Barnaverndaryfirvöld skulu eftir föngum gæta þess að almennt úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripid er til annarra úrræða. Þau skulu jafnframt ávallt miða við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Því aðeins skal gert ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfunum að lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti.

□ Allir þeir sem vinna að barnavernd skulu gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af.

II. kafli. Yfirstjórn barnaverndarmála.**■ 5. gr. Hlutverk félagsmálaráðuneytisins.**

□ Barnavernd samkvæmt lögum þessum heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Um verkaskiptingu ráðuneytisins og stofnana þeirra sem undir ráðuneytið heyrir fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna sem settar eru með stöð í þeim.

□ Félagsmálaráðuneytið ber ábyrgð á stefnumótun í barnavernd.

□ Ráðherra leggur fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum.

□ Félagsmálaráðuneytið skal hafa eftirlit með starfi Barnaverndarstofu. Það getur krafist upplýsinga um einstök mál á grundvelli kvartana eða annarra upplýsinga.

■ 6. gr. Kærunefnd barnaverndarmála.

□ Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd barnaverndarmála til fjögurra ára í senn. Heimilt er að skjóta til hennar úrskurðum og einstökum ákvörðunum barnaverndarnefnda samkvæmt lögum þessum. Enn fremur er unnt að skjóta til nefndarinnar ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3. og 5. mgr. 15. gr., 66. gr., 2. og 4. mgr. 83. gr. og 2. mgr. 91. gr.

□ Í kærunefnd barnaverndarmála sitja þrjú menn. Hæstiréttur tilnefnir formann og skal hann uppfylla hæfiskilyrði til að vera héraðsdómari. Nefndarmenn skulu hafa sérþekkingu á málefnum barna. Félagsmálaráðherra sér nefndinni fyrir starfsaðstöðu. Kærunefnd er heimilt að ráða starfsmenn til að sinna daglegum rekstri.

□ Úrskurðir kærunefndar barnaverndarmála eru endanlegir á stjórnslustigi og verður þeim ekki skotið til æðra stjórnvalds.

□ Kærunefnd barnaverndarmála skal árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína.

□ Félagsmálaráðherra setur reglugerð um störf nefndarinnar.

■ 7. gr. Barnaverndarstofa.

□ Barnaverndarstofa er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra. Barnaverndarstofa annast stjórnslu á því sviði sem lögin ná til. Félagsmálaráðherra ákveður aðsetur Barnaverndarstofu og skipar forstjóra hennar.

□ Barnaverndarstofa skal vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og vera félagsmálaráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokknum. Hún skal hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknastarf á sviði barnaverndar.

□ Barnaverndarstofa skal hafa með höndum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga og fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir í landinu. Enn fremur hefur Barnaverndarstofa eftirlit með störfum barnaverndarnefnda samkvæmt lögum þessum.

□ Barnaverndarstofa annast leyfisveitingar til fósturforeldra, tekur ákvarðanir og veitir barnaverndarnefndum liðsinni í fósturmálum skv. XII. kafla laga þessara.

□ Barnaverndarstofa fer með yfirstjórn heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá til að séu tiltæk skv. XIII. kafla laga þessara og skal hlutast til um að slík heimili og stofnanir verði sett á fót. Stofan hefur yfirumsjón með vistun barna á þessum heimilum og stofnunum. Barnaverndarstofa annast enn fremur leyfisveitingar skv. XIII. og XIV. kafla laga þessara.

□ Barnaverndarstofa getur rekið sérstakar þjónustumiðstöðvar í því skyni að treysta þverfaglegt samstarf, eflingu og samhæfingu stofnana við meðferð mála á sviði barnaverndar.

Þá er Barnaverndarstofu heimilt að bjóða barnaverndarnefndum aðra sérhæfða þjónustu, svo sem úrræði utan stofnana á sviði meðferðar fyrir börn, enda sé markmið hennar að auðvelda nefndum að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Heimilt er að taka gjöld fyrir þau sérstöku verkefni sem Barnaverndarstofa sinnir samkvæmt ákvæði þessu eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Gjaldið skal aldrei vera hærra en nemur kostnaði við rekstur þjónustumiðstöðvar eða þeirrar sértæku þjónustu sem um ræðir, þar með talinn kostnaður vegna launa og þjálfunar starfsfólks svo og önnur útgjöld sem sannanlega hljóttast af þjónustunni.

□ Barnaverndarstofa fer jafnframt með önnur verkefni sem henni eru falin í lögum þessum eða öðrum lögum.

□ Barnaverndarstofa skal árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína.

□ Félagsmálaráðherra skal kveða nánar á um starfsemi Barnaverndarstofu í reglugerð.

■ **8. gr.** *Eftirlit Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum.*

□ Barnaverndarnefndir skulu fyrir 1. maí ár hvert senda Barnaverndarstofu skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Í henni skulu m.a. vera upplýsingar um fjölda mála sem nefndirnar hafa haft til meðferðar á tímabilinu, hvers eðlis þau eru og um lyktir þeirra.

□ Barnaverndarstofa getur auk þess krafðið barnaverndarnefndir um allar þær upplýsingar og skýrslur sem hún telur nauðsynlegar, bæði gögn í einstökum málum og skýrslur sem barnaverndarnefndir þurfa að vinna sérstaklega.

□ Barnaverndarstofa getur, á grundvelli kvartana eða annarra upplýsinga sem henni berast um meðferð einstakra mála og ef hún telur ástæðu til, aflað nauðsynlegra gagna, upplýsinga og skýringa hjá viðkomandi barnaverndarnefnd.

□ Telji Barnaverndarstofa, eftir að hafa aflað upplýsinga og skýringa skv. 2. og 3. mgr., að barnaverndarnefnd fari ekki að lögum við rækslu starfa sinna skal hún eftir því sem til efni er til leiðbeina barnaverndarnefnd um málsmeðferð og beina til hennar ábendingum um það sem betur má fara. Ef barnaverndarnefnd fer ekki að ábendingum og leiðbeiningum Barnaverndarstofu getur stofan áminnt nefndina um að rækja skyldur sínar. Barnaverndarstofa skal gera sveitarstjórn og félagsmálaráðuneyti aðvart um slíka áminningu. Gæta skal ákvæða um trúnaðarskyldu þegar áminning er tilkynnt til sveitarstjórnar.

■ **9. gr.** *Framkvæmdaáætlanir sveitarfélaga í barnaverndarmálum.*

□ Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu.

□ Ef sveitarfélög hafa með sér samvinnu um barnavernd, sbr. 10. gr., er þeim heimilt að gera sameiginlega áætlun.

III. kafli. Barnaverndarnefndir.

■ **10. gr.** *Barnaverndarnefndir, kosning o.fl.*

□ Á vegum sveitarfélaga skulu starfa barnaverndarnefndir.

□ Sveitarstjórn kýs barnaverndarnefnd, sbr. þó 3. og 4. mgr. Fámennari sveitarfélög skulu hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um kosningu barnaverndarnefndar. Samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd skal ekki vera undir 1.500.

□ Heimilt er sveitarstjórn að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar er nær yfir

fleiri en eitt sveitarfélag eða semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti en að framan greinir.

□ Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálanefnd störf barnaverndarnefndar og í þeim tilvikum skal gæta þeirra reglna sem fram koma í 1. og 2. mgr. 11. gr. um kjör barnaverndarnefnda og um íbúafjölda, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

■ **11. gr.** *Skipan barnaverndarnefndar.*

□ Barnaverndarnefnd skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum varamönnum. Barnaverndarnefnd sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag er þó heimilt að skipa allt að sjö mönnum og jafnmörgum varamönnum. Barnaverndarnefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Nefndarmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og bera gott skyn á mál þau sem barnaverndarnefnd fjallar um. Leitast ber við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna. Við ákvörðun skv. 26. og 27. gr. skal kalla til lögfræðing eigi slíkur ekki sæti í barnaverndarnefnd.

□ Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

□ Sveitarstjórnir skulu tilkynna Barnaverndarstofu um skipan barnaverndarnefndar eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að sveitarstjórnarkosningar fóru fram.

□ Hafi sveitarstjórn ekki skipað í barnaverndarnefnd samkvæmt lögum þessum að fjórum mánuðum liðnum frá sveitarstjórnarkosningum getur félagsmálaráðherra áminnt sveitarfélagið og veitt því einn mánuð til úrbóta. Verði sveitarstjórn ekki við tilmælunum innan þessa frests getur ráðherra ákveðið að tiltekin sveitarfélög skuli standa saman að barnaverndarnefnd og skipað nefnd sem fullnægir áðurgreindum skilyrðum. Getur ráðherra m.a. ákveðið að fella barnaverndarstarf í viðkomandi sveitarfélagi að öllu leyti undir barnaverndarnefnd í öðru sveitarfélagi sem þegar hefur kosid sér barnaverndarnefnd. Allur kostnaður sem hlýst af skipun slíkrar nefndar greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eftir því sem nánar er ákveðið af ráðherra. Félagsmálaráðherra getur enn fremur veitt undanþágu frá 3. másl. 2. mgr. 10. gr. ef samanlagður íbúafjöldi er nálægt því að vera 1.500 og landfræðilegar og aðrar aðstæður eru með þeim hætti að óhagkvæmt eða torvelt er að ná þeim íbúafjölda.

□ Starfandi barnaverndarnefnd heldur að fullu umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið skipuð samkvæmt ákvæðum þessarar laga.

■ **12. gr.** *Almennt um hlutverk barnaverndarnefnda.*

□ Hlutverk barnaverndarnefnda er eftirfarandi:

1. *Eftirlit.* Barnaverndarnefndir skulu kanna aðbúnað, háttarni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.

2. *Úrræði.* Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt lögum þessum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra.

3. *Önnur verkefni.* Barnaverndarnefndir hafa með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í þessum lögum og öðrum lögum. Heimilt er sveitarstjórn að fela barnaverndarnefndum frekari verkefni sem varða aðstæður barna og ungmennta í umdæmi hennar.

□ Skylt er barnaverndarnefnd að aðstoða foreldra við að gegna forsjárskyldum sínum og grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt ákvæðum þessarar laga ef nauðsyn ber til.

■ **13. gr.** *Sjálfstæði barnaverndarnefnda.*

□ Sveitarstjórnur er óheimilt að gefa barnaverndarnefndum fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála.

□ Sveitarstjórn er óheimill aðgangur að gögnum og upplýsingum um einstök barnaverndarmál.

□ Ákvörðunum og úrskurðum barnaverndarnefnda verður ekki skotið til sveitarstjórnar.

■ **14. gr.** *Starfslið barnaverndarnefnda.*

□ Barnaverndarnefnd skal ráða sérhæft starfslið eða tryggja sér aðgang að viðeigandi sérþekkingu með öðrum hætti. Skal við það miðað að hægt sé að veita foreldrum, stofnunum og öðrum er annast uppeldi viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal miðað við að möguleikar séu til faglegra rannsókna á félagslegum og sálrænum högum barna er með þurfa vegna könnunar og meðferðar einstakra barnaverndarmála.

□ Heimilt er barnaverndarnefnd að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, um sam-eiginlegt starfsmannahald og sérfræðipjónustu.

□ Barnaverndarnefnd er heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka samkvæmt reglum sem hún sjálf setur. Barnaverndarnefnd getur enn fremur í slíkum reglum framselt tilgreindum starfsmönnum vald til að taka einstakar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum. Reglurnar skulu kynntar Barnaverndarstofu.

□ Óheimilt er að framselja til einstakra starfsmanna nefndanna vald til að kveða upp úrskurði samkvæmt lögum þessum og ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr.

■ **15. gr.** *Valdsvið og samstarf barnaverndarnefnda.*

□ Barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn á fasta búsetu á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. og 4. mgr.

□ Ef barn flyst úr umdæmi nefndar á meðan hún hefur mál þess til meðferðar skal barnaverndarnefnd í umdæminu sem barnið flytur í taka við meðferð þess. Barnaverndarnefnd sem hefur mál til meðferðar skal tilkynna um flutninginn til nefndar í viðkomandi umdæmi. Jafnframt ber að upplýsa viðtakandi barnaverndarnefnd um öll afskipti af málefnum barnsins og láta henni í té gögn þess.

□ Ef hentugra þykir að mál sé að einhverju eða öllu leyti rekið í öðru umdæmi en þar sem barn á fasta búsetu geta viðkomandi barnaverndarnefndir samið um það sín í milli. Ef ágreiningur rís á milli barnaverndarnefnda getur Barnaverndarstofa mælt svo fyrir að önnur nefnd en sú þar sem barn á fasta búsetu fari með mál ef það er talið tryggja betur meðferð þess. Skulu nefndirnar þá veita hvor annarri upplýsingar til skýringar málum og liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana.

□ Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur eða vistun í annað umdæmi fer hún áfram með málið. Hún getur þó farið þess á leit að barnaverndarnefnd í því umdæmi beri tilteknar skyldur.

□ Ef barn á ekki lögheimili á Íslandi skal barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn dvelst eða er statt fara með mál þess. Barnaverndarstofa sker úr ágreiningi um hvaða barnaverndarnefnd skuli fara með mál. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarstjórn útlagðan kostnað sem af máli hlýst.

□ Ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3. og 5. mgr. er heimilt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála.

IV. kafli. Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld.

■ **16. gr.** *Tilkynningarskylda almennings.*

□ Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

□ Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að hún eigi að láta sig varða.

■ **17. gr.** *Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.*

□ Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

□ Sérstaklega er leikskólastjórnum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólustjórnum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

□ Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur fram- ar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

■ **18. gr.** *Tilkynningarskylda lögreglu og skýrslutaka af börnum.*

□ Ef lögregla verður þess vör að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu skal hún tilkynna barnaverndarnefnd um það. Þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn annaðhvort af barni eða gegn því skal lögregla, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn málsins. Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldri barns um slíkt mál mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því.

□ Um skýrslutökur af börnum sem brotaþolum, sakborn- ingum eða vitnum í opinberum málum, hvort heldur sem er á rannsóknarstigi eða við meðferð máls fyrir dómi, gilda ákvæði laga um meðferð opinberra mála og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim.

■ **19. gr.** *Nafnleynd tilkynnanda.*

□ Hver sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar skal segja á sér deili.

□ Ef tilkynnandi skv. 16. gr. óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun barnaverndarnefndar um nafnleynd er heimilt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála. Leiðbeina skal tilkynnanda um rétt hans til að kæra ákvörðun barnaverndarnefndar.

□ Ákvæði 2. mgr. um rétt til nafnleyndar á ekki við um tilkynnendur skv. 17. og 18. gr.

■ **20. gr.** *Samstarf við barnaverndaryfirvöld.*

□ Öllum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna er skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld. Barnaverndaryfirvöld skulu einnig leitast við að eiga gott samstarf við þessa sömu aðila.

□ Öllum sjúkrastofnunum, þar með töldum áfengismeðferðarstofnunum og geðdeildum, ber að taka tillit til hagsmuna barns þegar teknar eru ákvarðanir um meðferð og innlög foreldra þess. Læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir starfsmenn á framangreindum stofnunum skulu hafa samráð við barnaverndarnefndir svo unnt verði að haga nauðsynlegum barnaverndarúrræðum í samræmi við ákvarðanir um meðferð og innlög foreldris.

□ Skylt er lögreglu og fangelsismálayfirvöldum að hafa samstarf við barnaverndarnefndir og veita þeim eftir atvikum aðstoð við úrlausn barnaverndarmála.

□ Félagsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari reglur um samstarf barnaverndarnefnda við aðrar stofnanir í samráði við þau ráðuneyti sem viðkomandi stofnanir heyra undir.

V. kafli. Upphaf barnaverndarmáls.

■ 21. gr. Málsmeðferð vegna tilkynninga.

□ Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða berast upplýsingar með öðrum hætti um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess, skal hún taka afstöðu til þess án tafar, og eigi síðar en innan sjö daga frá því henni barst tilkynning eða upplýsingar, hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu.

□ Barnaverndarnefnd getur með sömu skilyrðum hafið könnun máls vegna upplýsinga sem hún hefur fengið með öðrum hætti.

□ Ef barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða vitneskju með öðrum hætti um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni sínu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu, getur barnaverndarnefnd ákveðið að hefja könnun á málinu.

□ Ákvörðun barnaverndarnefndar um að hefja könnun máls eða láta mál niður falla er hvorki kæránleg til kærunefndar barnaverndarmála né annars stjórnvalds. Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldrum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun sína í tilefni af henni. Heimilt er að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

□ Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Mál telst barnaverndarmál þegar barnaverndarnefnd hefur tekið formlega ákvörðun um að hefja könnun.

□ Nánari ákvæði um málsmeðferð vegna tilkynninga, svo sem um skráningu þeirra, eyðublöð o.fl., skulu sett í reglugerð¹⁾ sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

¹⁾ Rg. 56/2004.

■ 22. gr. Markmið könnunar máls.

□ Markmið könnunar máls er að afla nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði samkvæmt ákvæðum laga þessara, allt í samræmi við hagsmuni og þarfir barns. Í þessu skyni skal nefndin kappkosta að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns, svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað barns á heimili, skólagöngu, hegðun og líðan þess. Leita skal aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur.

□ Um könnun máls, rannsóknarheimildir barnaverndarnefnda, um skyldu til að láta barnaverndarnefndum í té upplýsingar og málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd almennt gilda ákvæði VIII. kafla laga þessara.

VI. kafli. Ráðstafanir barnaverndarnefnda.

■ 23. gr. Áætlun um meðferð máls.

□ Þegar mál hefur verið nægjanlega kannað að mati barnaverndarnefndar skal nefndin taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið er hverra úrbóta sé þörf og settar eru fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta.

□ Ef könnun leiðir í ljós að þörf er á beitingu sérstakra úrræða samkvæmt lögum þessum skal barnaverndarnefnd, í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, gera skriflega áætlun um frekari meðferð máls. Hafa skal samráð við yngri börn eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Áætlun skal gera til ákveðins tíma og endurskoða eftir þörfum.

□ Barnaverndarnefnd skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila við gerð og framkvæmd áætlunar og í samvinnu við foreldra leitast við að koma slíku samstarfi á.

□ Náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, skal barnaverndarnefnd einhliða semja áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða samkvæmt ákvæðum laga þessara. Áætlunina skal kynna fyrir foreldrum og barni.

■ 24. gr. Úrræði með samþykki foreldra.

□ Barnaverndarnefnd skal, eftir því sem nánar er ákveðið í áætlun skv. 23. gr., með samþykki foreldra og eftir atvikum í samráði við barn veita aðstoð m.a. með því að:

- leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns,
- stuðla að því í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir að beitt verði úrræðum samkvæmt öðrum lögum,
- útvega barni viðeigandi stuðning eða meðferð,
- útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu,
- aðstoða foreldra eða þungaða konu við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála.

□ Barnaverndarnefnd getur enn fremur með samþykki foreldra og án sérstaks úrskurðar beitt öðrum þeim úrræðum sem kveðið er á um í 26. gr. laga þessara.

□ Fari foreldrar sem búa ekki saman sameiginlega með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga nægir að það foreldra sem barnið býr hjá samkvæmt ákvæðum forsjársmannings samþykki ráðstafanir samkvæmt þessari grein.

■ 25. gr. Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.

□ Barnaverndarnefnd getur, eftir því sem nánar er ákveðið í áætlun skv. 23. gr., með samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri:

a. tekið við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur,

b. tekið við forsjá eða umsjá barns og vistað barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

□ Fóstur eða vistun barns skv. 1. mgr. skal eigi standa lengur en þörf krefur. Ráðstafanir þessar skulu að jafnaði vera tímabundnar og sæta reglulegri endurskoðun eftir því sem nánar er kveðið á um í fóstur- eða vistunarsamningi. Með tilliti til hagsmuna barns getur fóstur eða vistun þó varað þar til barn verður lögráða.

□ Ef ráðstöfun skv. a- eða b-lið 1. mgr. er gegn vilja barns sem ekki hefur náð 15 ára aldri skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta.

□ Fari foreldrar sem búa ekki saman sameiginlega með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga þarf samþykki beggja foreldra til ráðstöfunar. Ef barn sem orðið er 15 ára samþykkir úrræði nægir samþykki þess foreldris sem barnið býr hjá en leita skal umsagnar hins foreldrisins.

■ **26. gr. Úrræði án samþykkis foreldra.**

□ Hafi úrræði skv. 24. og 25. gr. ekki skilað árangri að mati barnaverndarnefndar, eða eftir atvikum barnaverndarnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullnægjandi, getur nefndin gegn vilja foreldra með úrskurði:

a. kveðið á um eftirlit með heimili,

b. gefið fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barns, svo sem dagvistun þess, skólasókn, læknisþjónustu, rannsókn, meðferð eða þjálfun,

c. ákveðið að ekki megi fara með barnið úr landi.

□ Ráðstafanir skv. 1. mgr. skulu ávallt vera tímabundnar og eigi standa lengur en þörf krefur hverju sinni og skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

□ Úrskurðir eru kærnlegir til kærufndar barnaverndarmála.

■ **27. gr. Úrskurður barnaverndarnefndar um vistun barns utan heimilis.**

□ Með sömu skilyrðum og fram koma í 26. gr. og ef brynir hagsmunir barns mæla með því getur barnaverndarnefnd með úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem náð hefur 15 ára aldri:

a. kveðið á um að barn skuli vera kyrrt á þeim stað þar sem það dvelst í allt að tvo mánuði,

b. kveðið á um töku barns af heimili í allt að tvo mánuði og um nauðsynlegar ráðstafanir, svo sem ráðstöfun þess í fóstur eða vistun á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til að tryggja öryggi þess eða til að unnt sé að gera viðeigandi rannsókn á barninu og veita því nauðsynlega meðferð og aðhlyningu.

□ Foreldrum eða barni sem náð hefur 15 ára aldri er heimilt að bera úrskurð barnaverndarnefndar undir héraðsdómara. Krafa þess efnis skal berast dómara innan fjögurra vikna frá því að úrskurður var kveðinn upp. Málskot til dómstóla kemur ekki í veg fyrir að úrskurður barnaverndarnefndar komi til framkvæmda.

□ Um málsmeðferð fyrir dómi fer skv. XI. kafla.

■ **28. gr. Úrskurður dómstóls um vistun barns utan heimilis.**

□ Ef barnaverndarnefnd telur nauðsynlegt að ráðstöfun skv. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr. standi lengur en þar er kveðið á um skal nefndin gera kröfu um það fyrir héraðsdómi. Heimilt er með úrskurði dómara að vista barn í allt að tólf mánuði í senn.

□ Ef krafist er framlengingar slíkrar vistunar eða krafist er forsjárviptingar skv. 29. gr. áður en vistunartíma lýkur helst ráðstöfun þar til úrskurður eða dómur liggur fyrir.

□ Um málsmeðferð fyrir dómi fer skv. XI. kafla.

■ **29. gr. Forsjársvipting.**

□ Barnaverndarnefnd er heimilt að krefjast þess fyrir dómi að foreldrar, annar þeirra eða báðir, skuli sviptir forsjá ef hún telur:

a. að daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra og barns sé alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska,

b. að barni sem er sjúkt eða fatlað sé ekki tryggð viðeigandi meðferð, þjálfun eða kennsla,

c. að barninu sé misþyrmt, misboðið kynferðislega eða megi þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu,

d. fullvíst að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska þess sé hætta búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, geðrænna truflana, greindarskorts eða að breytni foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða.

□ Kröfu um sviptingu forsjár skal því aðeins gera að ekki sé unnt að beita öðrum og vægari úrræðum til úrbóta eða slíkar aðgerðir hafi verið reyndar án viðunandi árangurs.

□ Um málsmeðferð fyrir dómi samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum X. kafla.

■ **30. gr. Úrræði barnaverndarnefndar vegna þunguðra kvenna.**

□ Ef könnun barnaverndarnefndar leiðir í ljós að þunguð kona stofnar heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með lífferni sínu, sbr. 3. mgr. 21. gr., skal nefndin beita úrræðum þessara laga í samráði við hina þunguðu konu, og eftir atvikum gegn vilja hennar í samráði við forsjáraðila hennar ef hún hefur ekki náð lögræðisaldri, eftir því sem við getur átt og ætla má að að gagni geti komið.

□ Ef barnaverndarnefnd telur að úrræði skv. 1. mgr. komi ekki að gagni getur nefndin sett fram kröfu um sviptingu sjálfræðis samkvæmt ákvæðum lögræðisлага í því skyni að koma konunni til aðhlyningar og meðferðar á viðeigandi stofnun. Um málsmeðferð gilda ákvæði lögræðisлага.

■ **31. gr. Neyðarráðstafanir.**

□ Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir barnaverndarnefnd getur formaður hennar eða starfsmaður í umboði hans, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla, framkvæmt hana.

□ Barnaverndarnefnd skal án tafar taka málið til meðferðar og kveða upp úrskurð innan 14 daga, að öðrum kosti fellur ákvörðun skv. 1. mgr. úr gildi. Um málsmeðferð samkvæmt þessari málsgrein gilda ákvæði VIII. kafla.

□ Við aðstæður þær sem 1. mgr. tekur til er heimilt þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr. að fara inn á heimili, enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

■ **32. gr. Skipan lögráðamanns.**

□ Hafi foreldrar afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns hverfur forsjá þess til barnaverndarnefndar að svo stöddu. Barnaverndarnefnd skal fara með lögráð barnsins þar til hún ákveður annað. Barnaverndarnefnd getur óskað eftir því að barni verði skipaður lögráðamaður eða sérstakur fjárhaldsmaður, ef hún telur það þjóna hagsmunum barnsins.

□ Barnaverndarnefnd tekur forsjá barns í sínar hendur ef það verður forsjárlaust af öðrum ástæðum og hlutast á sama hátt til um að því verði skipaður lögráðamaður, sbr. 1. mgr.

■ **33. gr. Umsjá barns sem vistast utan heimilis.**

□ Þegar barnaverndarnefnd hefur tekið við umsjá eða forsjá barns með heimild í lögum þessum skal hún gera skriflega áætlun um trygga umsjá barnsins. Í áætlun skal tilgreina hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem máli skiptir.

□ Leitast skal við að finna systkinum sameiginlegar lausnir í samræmi við þarfir þeirra og hagsmuni.

□ Foreldrar sem hafa verið sviptir forsjá barns eiga ekki aðild að málum sem varða ákvarðanir um úrræði því til handa, að undanskildum málum er varða ákvörðun um umgengnisrétt.

■ **34. gr. Endurskoðun ráðstafana.**

□ Ef foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri afturkallar samþykki sitt fyrir tímabundnu úrræði skv. 25. gr. getur barnaverndarnefnd gripið til ráðstafana skv. 26., 27., 28. eða 29. gr. ef skilyrðum þeirra greina er að öðru leyti fullnægt.

□ Hafi foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri veitt samþykki fyrir úrræði skv. 25. gr. sem ætlað er að standa þar til barn verður lögráða eða hafi foreldri verið svipt forsjá skv. 29. gr. getur foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri gert kröfu á hendur barnaverndarnefnd og fósturforeldrum, ef það á við, fyrir dómi um að samningi verði hnekkð eða dómi um sviptingu breytt og að foreldri verði falin forsjá eða umsjá barns að nýju.

□ Krafa skv. 2. mgr. verður því aðeins tekin til greina að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna, raski ekki stöðugleika í uppeldi barns og taki mið af hag og þörfum þess. Ef foreldri hefur verið svipt forsjá er einungis unnt að gera kröfu ef liðnir eru tólf mánuðir hið skemmsta frá því að dómstóll leysti síðast úr máli með endanlegum dómi.

□ Ráðstöfun helst þar til dómur hefur fallið.

□ Um málsmeðferð fyrir dómi samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum X. kafla.

VII. kafli. Aðrar ráðstafanir barnaverndarnefnda.

■ **35. gr. Úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum.**

□ Ef barnaverndarnefnd fær ábendingu um að atferli manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavann skal nefndin ef hún telur tilefni til hefja könnun málsins í samræmi við ákvæði 21. gr. Ákvörðun um könnun skal tilkynna viðkomandi starfsmanni og vinnuveitanda hans ef við á. Nefndin skal tilkynna um niðurstöður könnunar til starfsmanns og vinnuveitanda hans og setja fram tillögur til úrbóta.

■ **36. gr. Upplýsingar úr sakaskrá.**

□ Barnaverndarstofa á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Ríkissaksóknari skal láta stofunni í té afrit dóma ef hún óskar þess. Barnaverndarstofa getur tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji maður sem veruleg hættu er talin stafa af í umdæmi hennar. Ef rík barnaverndarsjónarmið mæla með getur barnaverndarnefnd gert öðrum viðvart, að fengnu samþykki Barnaverndarstofu.

□ Óheimilt er að ráða til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða heimilum og stofnunum samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, menn sem hlotið hafa refsisdóm vegna brota á ákvæðum XX-II. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr.

□ Yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótt- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn maður, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr., að fengnu samþykki hans.

■ **37. gr. Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.**

□ Ef barnaverndarnefnd þykir barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis, getur nefndin krafist þess fyrir dómi að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja

eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn. Enn fremur er með sama hætti heimilt að krefjast þess að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef nefndin telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns. Um málsmeðferð gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð opinberra mála um nálgunarbann.

VIII. kafli. Málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd.

■ **38. gr. Gildissvið stjórnsýslulaga.**

□ Um könnun barnaverndarmáls og málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd gilda ákvæði stjórnsýslulaga með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum. Málsmeðferðarreglur þessar gilda einnig, eftir því sem við á, þegar barnaverndarnefnd undirbýr og tekur ákvörðun um málshöfðun fyrir dómi til að koma fram ráðstöfunum skv. 28., 29. og 37. gr. laga þessara.

□ Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð¹⁾ um meðferð mála hjá barnaverndarnefnd, svo sem um tilkynningar, gerð áætlana og um stuðningsúrræði, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

¹⁾ Rg. 56/2004.

■ **39. gr. Skráning mála.**

□ Barnaverndarnefndum ber á kerfisbundinn hátt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim. Varðveita skal öll gögn með tryggilegum hætti.

■ **40. gr. Leiðbeiningarskylda.**

□ Barnaverndarnefnd skal leiðbeina foreldrum, barni og öðrum eftir því sem við á um málsmeðferð barnaverndarmála og um réttindi þeirra og skyldur samkvæmt málsmeðferðarreglum þessum og stjórnsýslulögum, svo sem um rétt til aðstoðar lögmanns, kæruleiðir o.fl.

■ **41. gr. Rannsóknarregla, málshraði o.fl.**

□ Barnaverndarnefnd skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

□ Könnun barnaverndarmáls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni skal hraðað svo sem kostur er. Ákvörðun um beitingu viðeigandi úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

■ **42. gr. Skráning upplýsinga.**

□ Barnaverndarnefnd ber að skrá upplýsingar um málsatvik sem henni eru veittar munnlega ef hún telur þær geta haft þýðingu fyrir úrlausn máls og þær er ekki að finna í öðrum gögnum þess.

■ **43. gr. Rannsóknarheimildir.**

□ Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra.

□ Foreldrum eða þeim sem barnið dvelst hjá er skylt að veita liðsinni sitt til þess að könnun máls geti gengið greiðlega, enda skal barnaverndarnefnd sýna þeim er málið varðar ýr-ustu nærgætni.

□ Við könnun á högum barns er barnaverndarnefnd heimilt að taka skýrslur af foreldrum eða forsjáraðilum barns og öðrum þeim er um kunna að bera.

□ Barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar er því aðeins heimilt að fara inn á heimili barns, til könnunar á högum þess, að fyrir liggja samþykki foreldris eða forráðamanns eða á grundvelli dómsúrskurðar.

□ Barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar er heimilt að fara á annan stað en heimili barns, svo sem í dagvistun, leikskóla, skóla, félagsmiðstöð eða neyðarathvarf, til að tala við barn, í einrúmi ef þörf er á, fylgjast með hegðun þess eða til athugunar á barni. Jafnan skal hafa samráð við foreldra ef tala á við barn yngra en 12 ára eða gera athuganir á því.

Ef rannsóknarhagsmunir mæla sannanlega með því er heimilt að tala við barn yngra en 12 ára og fylgjast með hegðun þess án vitneskju eða samþykkis foreldra eða forráðamanna, en tilkynna skal þeim svo fljótt sem verða má að slík könnun hafi farið fram.

■ **44. gr. Upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefnd.**

□ Öllum heilbrigðis- og sjúkrastofnunum, þar með töldum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðardeildum og meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga og fíkniefnaneytendur, og stofnunum sem veita félagslega þjónustu eða aðstoð, er skylt eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um könnun máls að láta nefndinni endurgjaldslaut í té upplýsingar um heilsu barns og foreldra þess, þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

□ Með sama hætti er öllum stofnunum og öðrum aðilum þar sem barn hefur dvalist eða kemur reglulega, svo sem skólum, dagvistarheimilum og félagsmiðstöðvum fyrir börn og unglínga, skylt að láta nefndinni í té upplýsingar sem hún telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

□ Þá skulu lögregla og sakaskrá ríkisins með sama hætti láta nefndinni í té upplýsingar sem þessar stofnanir búa yfir um barn og foreldra þess og varðað geta málið.

□ Upplýsingar samkvæmt þessari grein skal veita svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 14 dögum eftir að beiðni barst.

□ Upplýsingaskylda samkvæmt þessari grein gengur fram- ar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu einstakra starfsstétta.

■ **45. gr. Upplýsingaréttur og aðgangur að gögnum máls.**

□ Barnaverndarnefnd skal með nægilegum fyrirvara láta aðilum máls í té öll gögn sem málið varða og koma til álita við úrlausn þess, enda tryggji þeir trúnað.

□ Barnaverndarnefnd getur með rökstuddum úrskurði takmarkað aðgang aðila að tilteknum gögnum ef hún telur að það geti skaðað hagsmuni barns og samband þess við foreldra eða aðra. Nefndin getur einnig úrskurðað að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrit af þeim séu afhent.

■ **46. gr. Réttindi barns við málsmeðferð.**

□ Barn sem náð hefur 15 ára aldri er aðili barnaverndarmáls samkvæmt ákvæðum 25., 27., 2. mgr. 34., 74. og 81. gr. Um aðild barns að barnaverndarmálum sem rekin eru fyrir dómi gilda ákvæði X. og XI. kafla.

□ Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur þess og þroska og taka skal réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn málsins. Ávallt skal gefa barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um mál.

□ Þegar barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um að hefja könnun máls skal hún þegar taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann. Jafnan skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. nema barn njóti aðstoðar lögmans, sbr. 2. mgr. 47. gr. Ráðherra skal kveða nánar á um hæfi og hlutverk talsmanna í barnaverndarmálum í reglugerð¹⁾ að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

¹⁾ Rg. 56/2004.

■ **47. gr. Andmælaregla.**

□ Aðilar barnaverndarmáls skulu eiga þess kost að tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmans,

um efni máls og annað sem lýtur að málsmeðferðinni áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð.

□ Barnaverndarnefnd skal veita foreldrum og barni sem er aðili máls fjárstyrk til að greiða fyrir lögmansaðstoð skv. 1. mgr. og í tengslum við rekstur máls fyrir kærunefnd barnaverndarmála eftir reglum sem nefndin setur. Í reglunum skal taka tillit til efnahags foreldra, eðlis og umfangs málsins.

■ **48. gr. Samþykki foreldra og barns.**

□ Samþykki foreldra og barns skv. 25. gr. skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja óháðra manna sem votta að foreldrum og barni hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins.

■ **49. gr. Ályktunarhæfi og form úrskurða.**

□ Barnaverndarnefnd er ályktunarhæf þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Ef nefndarmaður getur ekki sótt fund boðar formaður varamann í hans stað.

□ Fjórir nefndarmenn hið fæsta skulu standa að úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Þar skal rekja málavexti og greina forsendur og niðurstöður. Úrskurður skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt og skal vekja athygli aðila á rétti hans til að kæra úrskurð barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála eða til að bera ákvarðanir nefndarinnar undir dóm þegar það á við og um málskotsfresti.

■ **50. gr. Fullnusta ákvarðana.**

□ Barnaverndarnefnd skal við fullnustu og framkvæmd ákvarðana sinna, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla sýna aðilum fyllstu tillitssemi og nærgætni og gæta í hvívetna hagsmuna barns þess er í hlut á.

□ Ef aðilar neita að hlýðnast lögmætum ákvörðunum barnaverndarnefndar, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla skal lögregla veita atbeina sinn við fullnustu ákvörðunar.

□ Fulltrúi barnaverndarnefndar skal þó ávallt vera viðstaddur ef grípa þarf til ráðstafana skv. 2. mgr.

□ Barnaverndarstofa getur mælt svo fyrir að ákvörðun barnaverndaryfirvalda í öðru ríki skuli framfylgt hér á landi.

IX. kafli. Málsmeðferð fyrir kærunefnd barnaverndarmála.

■ **51. gr. Málskot.**

□ Aðilar barnaverndarmáls geta skotið úrskurði barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var tilkynnt um úrskurð nefndarinnar. Kærunefnd barnaverndarmála skal innan tveggja vikna frá því henni barst kæra taka málið til meðferðar og úrlausnar. Kærunefnd skal kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því úrskurður barnaverndarnefndar var kærður til hennar.

□ Kærunefnd barnaverndarmála getur metið að nýju bæði lagahlið máls og sönnunargögn. Nefndin getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu leyti. Þá getur kærunefndin einnig vísað málinu til barnaverndarnefndar til meðferðar að nýju.

■ **52. gr. Málsmeðferð fyrir kærunefnd.**

□ Ákvæði VIII. kafla gilda um málsmeðferð fyrir kærunefnd barnaverndarmála eftir því sem við á.

□ Barnaverndarnefnd er aðili máls fyrir kærunefnd. Skal málflutningur að jafnaði vera skriflegur en kærunefnd getur kvatt aðila til munnlegrar skýrslugjafar og ákveðið munnlegan málflutning fyrir nefndinni.

□ Kærunefnd skal að jafnaði byggja úrskurð sinn á þeim gögnum sem fyrir eru í málinu. Nefndin getur þó, ef hún telur ríka ástæðu til, lagt fyrir aðila að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem álitserða sérfræðinga. Kærunefnd á rétt til skriflegra upplýsinga úr sakaskrá um aðila máls. Kærunefnd kveður á um það hver skuli bera kostnað vegna öflunar gagna, þar með talinna álitserða sérfræðinga.

□ Málskot til kærunefndar barnaverndarmála frestar ekki framkvæmd úrskurðar barnaverndarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á getur kærunefndin þó ákveðið, að kröfu aðila, að framkvæmd úrskurðar skuli frestað þar til nefndin hefur kveðið upp úrskurð sinn.

X. kafli. Meðferð mála fyrir dómi skv. 29. gr. og 2. mgr. 34. gr.

■ 53. gr. *Gildissvið laga um meðferð einkamála.*

□ Um meðferð mála fyrir dómi samkvæmt ákvæðum þessa kafla gilda ákvæði laga um meðferð einkamála, með þeim frávikum sem í lögum þessum greinir.

■ 54. gr. *Um sérfróða meðdómsmenn, þinghöld og máls-hraða.*

□ Í málum samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal að jafnaði kveðja til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómi. Um sérfróða meðdómsmenn gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð einkamála.

□ Þinghöld skulu háð fyrir luktum dyrum.

□ Hraða ber meðferð máls svo sem kostur er.

■ 55. gr. *Aðild barns.*

□ Barni sem náð hefur 15 ára aldri skal tilkynnt um máls-höfðun og gefinn kostur á að gæta réttar síns. Er barninu heimilt að ganga inn í mál með meðalgöngustefnu.

□ Þegar barni hefur verið skipaður talsmaður skal gefa honum kost á að vera viðstaddur þinghöld í máli ef vörnum er haldið uppi.

□ Ávallt skal gefa barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar þótt það gerist ekki aðili þess skv. 1. mgr.

■ 56. gr. *Sönnun og sönnunargögn.*

□ Áður en barnaverndarnefnd höfðar mál til sviptingar for-sjár skv. 29. gr. ber henni að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst.

□ Dómari getur lagt fyrir barnaverndarnefnd að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem matsgerðar um foreldra eða barn. Jafnframt getur dómari lagt fyrir foreldra eða fósturforeldra að afla nánar tilgreindra gagna. Heimilt er dómara að ákveða að kostnaður vegna gagnaöflunar skv. 2. málsl. greiðist úr ríkissjóði.

■ 57. gr. *Málsástæður.*

□ Aðilar geta flutt fram nýjar málsástæður og ný andmæli allt þar til mál er dómtekið.

■ 58. gr. *Um nafnleynd o.fl.*

□ Ekki má skýra á nokkurn hátt frá því sem komið hefur fram í máli án leyfis dómara. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum.

□ Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent skal afmá nöfn málsaðila og aðrar upplýsingar sem bent geta til þess hverjir aðilar séu eða hvaða barn mál varði, svo og önnur atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.

■ 59. gr. *Áhrif málskots.*

□ Málskot frestar ekki réttaráhrifum dóms nema héraðs-dómari hafi mælt svo fyrir í dómi.

■ 60. gr. *Gjafsókn.*

□ Foreldrar, fósturforeldrar og barn sem gengur inn í mál skv. 55. gr. skulu hafa gjafsókn fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

□ Ef mál er höfðað skv. 34. gr. til endurskoðunar á fyrri niðurstöðu dóms, sbr. 3. mgr. 34. gr., fer um rétt aðila til gjafsóknar samkvæmt almennum reglum.

XI. kafli. Meðferð mála fyrir dómi skv. 27. og 28. gr.

■ 61. gr. *Gildissvið laga um meðferð einkamála o.fl.*

□ Um meðferð mála samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði laga um meðferð einkamála og ákvæði X. kafla laga þessara eftir því sem við getur átt og að því marki sem ekki er mælt fyrir um frávik í ákvæðum þessa kafla. Ákvæði 1. mgr. 54. gr. gildir ekki um meðferð mála samkvæmt þessum kafla.

■ 62. gr. *Aðild og kröfugerð.*

□ Í málum samkvæmt þessum kafla er barnaverndarnefnd sóknaraðili ef hún krefst úrlausnar héraðsdóms en varnaraðilar eru foreldrar og barn sem náð hefur 15 ára aldri. Þegar foreldrar eða barn leita úrlausnar teljast þau sóknaraðilar en barnaverndarnefnd varnaraðili.

□ Sá sem ber mál undir dóm samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal beina því til héraðsdómara í umdæmi þeirrar barnaverndarnefndar sem fer með mál. Skal gera það skriflega og greina svo glögg sem verða má:

- nafn barns og foreldra, kennitölu,
- lögheimili og dvalarstað,
- hvaða kröfur séu gerðar,
- lýsingu málsatvika og rökstuðning fyrir kröfum.

■ 63. gr. *Þinghöld, sönnunargögn o.fl.*

□ Þegar héraðsdómara hefur borist mál skv. 62. gr. ákveður hann stað og stund til þinghalds svo fljótt sem verða má og tilkynnir aðilum um það með sannanlegum hætti.

□ Þegar mál er fyrst tekið fyrir á dómþingi skal barnaverndarnefnd leggja fram staðfest afrit allra gagna sem ákvörðun er byggð á, þar með talið úrskurði og endurrit úr fundargerðabók nefndarinnar. Varnaraðila skal síðan veita stuttan frest til að leggja fram greinargerð og afla sönnunargagna. Heimilt er dómara að veita frekari fresti til gagnaöflunar en taka skal mál aftur fyrir svo fljótt sem unnt er.

□ Ef útivist verður af hálfu sóknaraðila skal mál fellt niður. Ef varnaraðili sækir ekki þing skal mál tekið til úrskurðar. Hafi varnaraðili lagt fram greinargerð áður en þingsókn féll niður skal sóknaraðila gefinn kostur á að leggja fram stutt skriflegt svar við röksemdum varnaraðila áður en málið verður tekið til úrskurðar.

□ Matsgerðar verður ekki aflað í málum samkvæmt þessum kafla.

□ Þegar öflun gagna er lokið í máli þar sem vörnum er haldið uppi skal það sótt og varið munnlega.

□ Dómari skal svo fljótt sem unnt er kveða upp úrskurð í máli og eigi síðar en innan viku frá því það var tekið til úrskurðar.

■ 64. gr. *Málskot.*

□ Úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sætir kærui til Hæstaréttar. Um kærufrest, kærui sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kærui í almennu einkamáli.

□ Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar nema héraðs-dómari hafi mælt svo fyrir.

XII. kafli. Um ráðstöfun barna í fóstur.**■ 65. gr. Fóstur.**

□ Með fóstri er í lögum þessum átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði þegar:

a. foreldrar sem fara með forsjá barns afsala sér forsjá til barnaverndarnefndar eða samþykkja fóstur,

b. barn er forsjárlaust, svo sem vegna andláts foreldris, ekki næst til foreldris eða af öðrum sambærilegum ástæðum,

c. foreldrar hafa verið sviptir forsjá skv. 29. gr.

□ Fóstur getur verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Með varanlegu fóstri er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar. Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur fyrr en að liðnum reynslutíma sem skal ekki vera lengri en eitt ár.

□ Markmið fósturs skv. 1. mgr. er að tryggja barni uppeldi og umönnun innan fjölskyldu svo sem best hentar þörfum þess. Barni skal tryggður góður aðbúnaður hjá fósturforeldrum og þeir skulu sýna fósturbarni umhyggju og nærfærni og leitast við að efla andlegan og líkamlegan þroska þess. Nánar skal kveðið á um réttindi og skyldur fósturforeldris í fóstursamningi.

□ Ef barn, sem ráðstafað er í fóstur, á við að stríða verulega hegðunarferðileika vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála af því tagi er enn fremur heimilt að mæla fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fósturheimili í stað þess að vista það á stofnun.

■ 66. gr. Leyfisveiting.

□ Þeir sem óska eftir að taka barn í fóstur skulu beina umsókn sinni til Barnaverndarstofu. Barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi umsækjenda veitir umsögn um hæfi þeirra til að taka barn í fóstur samkvæmt nánari reglum sem fram koma í reglugerð.

□ Barnaverndarstofa veitir leyfi til að taka börn í fóstur. Barnaverndarstofa veitir væntanlegum fósturforeldrum fræðslu, leiðbeiningar og annan faglegan stuðning.

□ Félagsmálaráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, um hæfi fólks til að taka börn í fóstur.

■ 67. gr. Val á fósturforeldrum.

□ Barnaverndarstofa veitir barnaverndarnefndum fulltingi við öflun hæfra fósturforeldra. Í því skyni heldur Barnaverndarstofa skrá yfir þá sem hafa leyfi til að taka börn í fóstur.

□ Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur sendir beiðni um fósturheimili til Barnaverndarstofu og velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá skv. 1. mgr. í samráði við stofuna. Barnaverndarnefnd ber að velja fósturforeldra af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á. Telji barnaverndarnefnd það falla best að hagsmunum barns að ráðstafa því í fóstur til ættingja fer um það skv. 66. gr. Við val á fósturforeldrum skal miða að því að tryggja stöðugleika í lífi barns og að röskun á hógum þess verði sem minnst. Ávallt skal leitast við að finna systkinum sameiginlegt fósturheimili nema sérstakar ástæður hamli.

□ Telji barnaverndarnefnd enn fremur þörf á að barn fái sérstaka umönnun og þjálfun skv. 4. mgr. 65. gr. skal kveðið á um það í fóstursamningi. Ef gert er ráð fyrir hlutdeild ríkisins í kostnaði vegna slíkrar viðbótarþjónustu, sbr. 88. gr., eru ákvæði í fóstursamningi sem að þessu líta háð samþykki

Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa velur enn fremur fósturforeldra við þessar aðstæður í samvinnu við barnaverndarnefnd.

■ 68. gr. Fóstursamningur.

□ Við ráðstöfun barns í fóstur skulu barnaverndarnefnd og fósturforeldrar gera með sér skriflegan fóstursamning þar sem m.a. skal kveðið á um:

a. lögheimili barns og daglega umsjá,

b. forsjárskyldur, þar með talin lögráð,

c. áætlaðan fósturtíma, sbr. 2. mgr. 65. gr.,

d. framfærslu barns og annan kostnað,

e. umgengni barns við kynforeldra eða aðra nákomna,

f. stuðning barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra meðan fóstur varir,

g. slit samnings vegna breyttra forsendna,

h. sérstaka umönnun og þjálfun, sbr. 4. mgr. 65. gr., þegar það á við,

i. annað sem málið kann að varða.

■ 69. gr. Umsjá og forsjárskyldur fósturforeldra.

□ Við ákvörðun um það hvort og að hvaða marki fósturforeldrar skulu fara með forsjárskyldur vegna barns, þar með talin lögráð þess (sjálfræði og fjárræði), skal taka mið af því hversu lengi fóstri er ætlað að vara, þörfum og hagsmunum barns, aðstæðum fósturforeldra og öðrum atvikum.

□ Ef foreldrar samþykkja, afsala sér forsjá eða hafa verið sviptir forsjánni er heimilt að ákveða í fóstursamningi að fóstur skuli vara þar til barn verður lögráða.

■ 70. gr. Réttindi barns í fóstri.

□ Barn á rétt á umgengni við kynforeldra eða aðra sem því eru nákomnir samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í 74. gr. enda samrýmist það hagsmunum þess.

□ Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur skal veita barni nauðsynlegan stuðning á meðan fóstur varir.

□ Barni skal tryggð vitneskja um hvers vegna því var komið í fóstur og hvaða áform barnaverndarnefnd hefur um framtíð þess, allt eftir því sem aldur og þroski barns gefur tilefni til.

■ 71. gr. Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

□ Ef aðeins annað kynforeldra fer með forsjá barns þegar svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér forsjá til barnaverndarnefndar skal nefndin kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins kynforeldrisins.

□ Barnaverndarnefnd er heimilt, ef hún telur hagsmuni barnsins tryggða með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins. Barnaverndarnefnd metur hæfi þess foreldris og gerir skriflegan samning um breytta forsjá. Eftir að gerður er samningur um breytingu á forsjá samkvæmt þessari málsgrein fer um réttarstöðu foreldra og barns samkvæmt ákvæðum barnalaga.

□ Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarnefnd ávallt leita umsagnar kynforeldris sem ekki fer með forsjá barns.

■ 72. gr. Undirbúningur barns og fósturforeldra fyrir fóstur.

□ Barnaverndarnefnd ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá kynforeldrum og fyrir væntanlegt fóstur. Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur ber á sama hátt, áður en fóstur hefst, að undirbúa fósturforeldra fyrir hlutverk þeirra, svo sem með upplýsingagjöf, viðtölum og öðru því sem að gagni má koma.

■ **73. gr. Tilkynningar um gerð fóstursamnings.**

□ Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um gerð fóstursamnings og lok fósturs. Barnaverndarnefnd tilkynnir einnig um gerð fóstursamnings til annarra opinberra aðila eftir því sem við á.

□ Barnaverndarstofa heldur skrá yfir börn í fósturi.

■ **74. gr. Umgengni í fósturi.**

□ Barn á rétt til umgengni við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti.

□ Kynforeldrar eiga rétt til umgengni við barn í fósturi nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með ráðstöfun þess í fóstur. Við mat á þessu skal m.a. taka tillit til þess hversu lengi fósturi er ætlað að vara. Þeir sem telja sig nákomna barninu eiga með sama hætti rétt til umgengni við barnið, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Barn sem er 15 ára og eldra getur sjálft gert kröfu um umgengni.

□ Við ráðstöfun barns í fóstur skal taka afstöðu til umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna og skal tekið mið af því hvað þjónar hagsmunum barnsins best. Náist samkomulag gerir barnaverndarnefnd skriflegan samning við þá sem umgengni eiga að rækja. Kanna skal viðhorf fósturforeldra áður en gengið er frá samningi.

□ Barnaverndarnefnd hefur úrskurðarvald um ágreiningsefni er varða umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd. Ef sérstök atvik valda því, að mati barnaverndarnefndar, að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur nefndin úrskurðað að kynforeldri skuli ekki njóta umgengnisréttar. Barnaverndarnefnd getur á sama hátt ákveðið að aðrir sem telja sig nákomna barninu njóti ekki umgengnisréttar ef hún telur að skilyrðum 2. mgr. sé ekki fullnægt.

□ Þeir sem umgengni eiga að rækja geta óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu tekur barnaverndarnefnd ákvörðun með úrskurði.

□ Þeir sem umgengni eiga að rækja geta krafist þess að barnaverndarnefnd endurskoði fyrri úrskurð sinn um umgengnisrétt. Barnaverndarnefnd er ekki skylt að taka slíka kröfu til efnisúrlausnar nema liðnir séu tólf mánuðir hið skemmsta frá því úrskurður barnaverndarnefndar eða kærufndar barnaverndarmála var kveðinn upp.

□ Barnaverndarnefnd getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum, m.a. gagnvart kynforeldrum, ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

□ Úrskurðir samkvæmt þessari grein eru kæránlegir til kærufndar barnaverndarmála.

■ **75. gr. Framfærsla og annar kostnaður vegna barns í fósturi.**

□ Þegar barni er ráðstafað í fóstur skal ákveða í fóstursamningi hver skuli vera greiðsla með því, fósturlaun og annar kostnaður. Sveitarfélag sem ráðstafar barni greiðir kostnað við fóstur. Jafnframt skal endurgreiða því sveitarfélagi þar sem barn dvelst annan kostnað sem til fellur samkvæmt reglum settum af ráðherra. Um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga vegna umönnunar og þjálfunar skv. 4. mgr. 65. gr. fer samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 88. gr.

■ **76. gr. Eftirlit með fósturi.**

□ Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur skal fylgj-

ast með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Barnaverndarnefnd skal heimsækja fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári og oftast ef ástæða þykir til.

■ **77. gr. Endurskoðun fóstursamnings.**

□ Ef aðstæður fósturforeldra breytast, svo sem vegna skilnaðar, andláts, búferlaflutninga eða heilsubrests, ber fósturforeldrum að tilkynna það barnaverndarnefnd og skal þá endurskoða fóstursamning ef ástæða þykir til.

□ Tilkynningar skv. 16., 17. og 18. gr. sem varða aðstæður barns hjá fósturforeldri, svo og upplýsingar um að fósturforeldri vanræki hlutverk sitt, skulu berast til barnaverndarnefndar sem ráðstafaði barni í fóstur. Er nefndinni skylt að kanna málið tafarlaust og grípa til viðeigandi ráðstafana.

□ Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra um breytingu á fóstursamningi getur barnaverndarnefnd með rökstuddum úrskurði breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Úrskurður er kæránlegur til kærufndar barnaverndarmála.

■ **78. gr. Reglugerð.**

□ Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um fóstur og framkvæmd ákvæða þessa kafla að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

XIII. kafli. Heimili og stofnanir á ábyrgð ríkisins.

■ **79. gr. Heimili og stofnanir sem ríkið skal sjá um að séu tiltæk.**

□ Félagsmálaráðuneytið ber ábyrgð á að tiltæk séu heimili og stofnanir til að:

a. veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika,

b. greina vanda barna sem talin eru þurfa sérhæfða meðferð,

c. veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota.

□ Barnaverndarstofa, í umboði félagsmálaráðuneytisins, annast uppbyggingu og rekstur heimila og stofnana skv. 1. mgr. Stofan getur falið öðrum rekstur þeirra á grundvelli þjónustusamnings. Heimili og stofnanir skv. 1. mgr. lúta yfirstjórn Barnaverndarstofu. Stofan skal hafa faglegt og fjárhagslegt eftirlit með starfsemi heimila og stofnana og hún getur mælt fyrir um tiltekna sérhæfingu þeirra. Barnaverndarstofa veitir þeim sem reka heimili og stofnanir fræðslu, leiðbeiningar og almennan faglegan stuðning.

□ Komi til ágreinings milli Barnaverndarstofu og rekstrar aðila heimila skv. 1. mgr. má skjóta þeim ágreiningi til félagsmálaráðuneytis. Sama á við ef ágreiningur rís um framkvæmd þjónustu milli einstaklings sem nýtur þjónustu á heimili skv. 1. mgr. eða forráðamanns hans annars vegar og Barnaverndarstofu hins vegar.

□ Um stofnun og almennan rekstur heimila og stofnana fer að öðru leyti eftir reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.

■ **80. gr. Framkvæmd vistunar barns á heimili eða stofnun skv. 79. gr.**

□ Áður en barn er vistað á heimili eða stofnun skv. 79. gr. skal barnaverndarnefnd reyna önnur stuðningsúrræði nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni. Ef nauðsynlegt er að vista barn utan heimilis skal velja heimili og stofnun af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á.

□ Barnaverndarnefnd skal senda beiðni um vistun barns til Barnaverndarstofu sem metur og tekur ákvörðun í samráði við nefndina um vistun, þar á meðal hvaða heimili hentar

barni best, hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henni skuli ljúka. Í sérstökum tilvikum getur barnaverndarnefnd snúið sér beint til heimilis eða stofnunar um vistun barns eftir nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

□ Barnaverndarnefnd ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá foreldrum sínum og væntanlega vistun. Barnaverndarnefnd sem vistar barn skal veita barni og foreldrum nauðsynlegan stuðning meðan á vistun stendur. Hún skal fylgjast með líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum, m.a. með reglubundnum heimsóknnum á heimili. Gera skal skriflegan samning um vistun hvers barns.

□ Ef foreldrar hafa afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr. ber barnaverndarnefnd að finna barni stuðningsfjölskyldu ef vistun er ætlað að vara lengur en tvo mánuði.

□ Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um faglega starfsemi heimila skv. 79. gr. þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir rekstri heimilis, vistunartíma, skilyrði fyrir vistun, ákvörðun um val á úrræði, samninga um vistun barns, skyldur barnaverndarnefnda og eftirlit með heimili.

■ **81. gr. Réttur barns til umgengni.**

□ Barn sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr. á rétt til umgengni við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti.

□ Kynforeldrar eiga rétt til umgengni við barnið nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með vistun. Þeir sem telja sig nákomna barninu skulu með sama hætti eiga rétt á umgengni við barn, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Barn sem er 15 ára og eldra getur sjálft gert kröfu um umgengni.

□ Við gerð vistunarsamnings skal barnaverndarnefnd leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda á viðkomandi heimili eða stofnun.

□ Barnaverndarnefnd á úrskurðarvald um ágreiningsefni er varða umgengni kynforeldra og annarra nákominna við barn, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd. Ef sérstök atvik valda því, að mati barnaverndarnefndar, að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur nefndin úrskurðað að kynforeldri skuli ekki njóta umgengnisréttar. Barnaverndarnefnd getur á sama hátt ákveðið að aðrir sem telja sig nákomna barninu njóti ekki umgengnisréttar ef hún telur skilyrðum 2. mgr. ekki fullnægt.

□ Þeir sem umgengni eiga að rækja geta óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu tekur barnaverndarnefnd ákvörðun með úrskurði.

□ Þeir sem umgengni eiga að rækja geta krafist þess að barnaverndarnefnd endurskoði fyrri úrskurð sinn um umgengnisrétt. Barnaverndarnefnd er ekki skylt að taka slíka kröfu til efnisúrlausnar nema liðnir séu tólf mánuðir hið skemmsta frá því úrskurður barnaverndarnefndar eða kærunefndar barnaverndarmála var kveðinn upp.

□ Barnaverndarnefnd skal leita umsagnar heimilis eða stofnunar þar sem barn er vistað áður en kveðinn er upp úrskurður um umgengni.

□ Barnaverndarnefnd getur kveðið upp úrskurð um að halda

dvalarstað barns leyndum, m.a. gagnvart kynforeldrum, ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

□ Úrskurðir samkvæmt þessari grein eru kærnanlegir til kærunefndar barnaverndarmála.

■ **82. gr. Réttindi barns og beiting þvingunar.**

□ Heimili og stofnanir skv. 79. gr. skulu rekin þannig að barn sem þar dvelst geti sjálft ráðið persónulegum högum sínum og haft þau samskipti við aðra sem það óskar, allt eftir því sem samræmist best aldri barnsins, þroska þess og að því marki sem það samræmist tilganginum með vistun þess á heimilinu og ábyrgð á starfseminni, velferð og öryggi barnsins og annarra.

□ Barn skal vera frjálst ferða sinna innan sem utan umræðasvæðis heimilis eða stofnunar, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegt kann að vera að setja með tilliti til öryggis og velferðar barnsins og annarra. Barni sem er vistað á heimili skv. 79. gr. má banna að yfirgefa umræðasvæði heimilis eða stofnunar að því marki sem eðlilegt og nauðsynlegt er til að markmiðin með vistun náist.

□ Óheimilt er að:

a. beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum,

b. beita innilokun, einangrun og öðrum slíkum þvingunarráðstöfunum eða agaviðurlögum nema nauðsyn beri til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu,

c. hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns nema sérstakar ástæður komi til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

□ Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu:

a. um framkvæmd ákvæða 3. mgr., þar með talið um þvingunarráðstafanir og málsmeðferð vegna beitingar þeirra,

b. sem miðar að því að koma í veg fyrir að áfengi, fíkniefni og önnur hættuleg efni eða hættulegir munir berist inn á heimili,

c. um meðferð á persónulegum fjárumum og eigum barns.

□ Heimilt er að fela einkaaðilum sem reka stofnun eða heimili á grundvelli þjónustusamnings að taka ákvarðanir um takmörkun réttinda og beitingu þvingunarráðstafana samkvæmt þessari grein.

□ Í reglugerð sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, skal enn fremur mæla fyrir um rétt barns og foreldra þess til að skjóta ákvörðunum um takmarkanir á réttindum og þvingunarráðstafanir til kærunefndar barnaverndarmála.

■ **83. gr. Leyfi til að reka stofnanir og heimili fyrir börn.**

□ Heimilt er einstaklingum, félagasamtökum og sveitarfélögum að setja á stofn og reka stofnanir eða heimili sem hafa að markmiði að veita þjónustu sem skilgreind er í 1. mgr. 79. gr.

□ Þeir sem óska eftir að setja á stofn heimili eða stofnun skv. 1. mgr. skulu sækja um leyfi Barnaverndarstofu, enda falli heimili eða stofnun ekki undir önnur lög. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar þar sem heimili eða stofnun er áður en leyfi er veitt.

□ Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um rekstur heimila samkvæmt þessari grein, m.a. um skilyrði fyrir leyfisveitingu, réttindi barna og eftirlit, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

□ Ef Barnaverndarstofa telur að meðferð barns á heimili eða stofnun sem fengið hefur leyfi skv. 1. mgr. sé ábótavant skal stofan leitast við með leiðbeiningum og áminningum að bæta úr því sem áfátt er og veita tiltekinn frest til þess. Barnaverndarstofa getur svipt aðila leyfi til áframhaldandi reksturs ef frestur sem stofan hefur veitt til úrbóta líður án þess að bætt sé úr því sem áfátt er eða ef brot á skilyrðum fyrir leyfi eru mjög alvarleg.

XIV. kafli. Heimili og önnur úrræði á ábyrgð sveitarfélaga.

■ **84. gr.** *Heimili og önnur úrræði sem barnaverndarnefndir skulu hafa tiltæk.*

□ Barnaverndarnefndir, ein eða fleiri saman, skulu hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla eða á annan hátt til að:

a. veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum, til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra, svo sem vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra,

b. veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa barna, svo sem í kjölfar meðferðar.

□ Barnaverndarnefnd getur falið öðrum aðilum rekstur heimila skv. 1. mgr. á grundvelli þjónustusamnings.

□ Barnaverndarstofa skal hafa yfirlit yfir þörf á heimilum og öðrum úrræðum skv. 1. mgr. um land allt, hvetja sveitarfélög til að hafa tiltæk nauðsynleg úrræði og liðsinna þeim í því efni eftir því sem þörf er á. Um leyfisveitingar Barnaverndarstofu til starfsemi skv. 1. og 2. mgr. fer eftir 83. gr.

□ Ákvæði 80., 81. og 82. gr. eiga við um dvöl barna á heimilum skv. 1. og 2. mgr. eftir því sem við á.

□ Um stofnun og rekstur heimila samkvæmt ákvæði þessu fer að öðru leyti eftir reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

■ **85. gr.** *Stuðningsfjölskyldur.*

□ Barnaverndarnefndir skulu hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur. Þeir sem óska eftir að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu skulu sækja um leyfi barnaverndarnefndar í sínu heimilissumdæmi.

□ Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um stuðningsfjölskyldur þar sem m.a. skal kveðið á um hámarksvistunartíma, skilyrði fyrir leyfisveitingu og samninga við stuðningsfjölskyldur.

■ **86. gr.** *Sumardvöl á vegum barnaverndarnefnda.*

□ Þeir sem óska eftir að taka barn á vegum barnaverndarnefndar til dvalar á einkaheimili í allt að þrjá mánuði yfir sumartíma skulu sækja um leyfi til barnaverndarnefndar í sínu heimilissumdæmi. Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um þá sem fengið hafa leyfi.

□ Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um sumardvalir þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, samninga um vistun, stuðning og eftirlit.

XV. kafli. Skipting kostnaðar af barnaverndarstarfi.

■ **87. gr.** *Fjárhagsleg ábyrgð sveitarfélags.*

□ Sveitarstjórn ber ábyrgð á kostnaði sem hlýst af starfi barnaverndarnefndar, svo sem vegna þjónustu sem hún veitir og vegna þeirra úrræða sem nefndin ber ábyrgð á samkvæmt lögum þessum.

■ **88. gr.** *Fjárhagsleg ábyrgð ríkis.*

□ Ríkið ber kostnað sem hlýst af störfum kærunefndar barnaverndarmála svo og starfsemi á vegum Barnaverndar-

stofu, þar með talinn rekstur heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá um að séu tiltæk skv. 79. gr.

□ Ríkið greiðir hluta kostnaðar vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. samkvæmt ákvörðun Barnaverndarstofu. Við ákvörðun á hlutdeild ríkisins skal Barnaverndarstofa taka mið af kostnaði við að mæta sérþörfum þess barns sem ráðstafað er í fóstur á grundvelli ákvæðisins og kostnaði við þá sérstöku þjónustu, umönnun og þjálfun sem fósturforeldrum er ætlað að veita.

■ **89. gr.** *Framfærsluskylda foreldra.*

□ Foreldrar barns sem vistað er utan heimilis eru framfærsluskyldir gagnvart því.

□ Barnaverndarnefnd getur krafðið foreldra um framfærslueyri með barni meðan á vistun stendur með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Barnaverndarnefnd úrskurðar um fjárhæð framfærslueyris. Úrskurðurinn er kærnanlegur til kærunefndar barnaverndarmála.

□ Foreldri sem hefur verið svipt forsjá barns síns með dómi er ekki skylt að framfæra það.

□ Um ákvörðun og innheimtu framfærslueyris fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum barnalaga.

XVI. kafli. Vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda.

■ **90. gr.** *Heimildir foreldra til að vista barn sitt sjálfir.*

□ Foreldrar geta falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barns síns, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni barnsins. Foreldrum ber að tilkynna barnaverndarnefnd þegar barni er komið fyrir hjá öðrum og dvöl er ætlað að standa lengur en sex mánuði. Dveljist barn hjá vandamönnum þarf þó ekki að tilkynna um ráðstöfun nema henni sé ætlað að vara tólf mánuði eða lengur.

□ Tilkynningarskylda skv. 1. mgr. gildir ekki þegar barn er vistað á opinberri stofnun eða heimili eða þegar barn er orðið 15 ára.

□ Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu skv. 1. mgr. eða upplýsingar á annan hátt um vistun sem tilkynningarskyldan gildir um skal hún kanna hvort þörf er fyrir stuðning við foreldra sem gæti gert þeim kleift að hafa barnið hjá sér. Ef svo er ekki skal barnaverndarnefnd kanna sérstaklega hvort hagsmunum og þörfum barns sé fullnægt á nýjum dvalarstað þess.

□ Hafi barn verið í umsjá annarra í þrjá mánuði eða lengur samkvæmt þessari grein getur barnaverndarnefnd í heimilissumdæmi forsjáforeldra gripið til úrræða skv. 27., 28. eða 29. gr.

■ **91. gr.** *Önnur vistun barns á heimili án atbeina barnaverndaryfirvalda.*

□ Þeir sem óska eftir því að taka barn til sumardvalar á einkaheimili gegn gjaldi í allt að þrjá mánuði yfir sumartíma skulu sækja um leyfi til barnaverndarnefndar í heimilissumdæmi sínu.

□ Heimilt er félagsamtökum eða öðrum aðilum að setja á stofn og reka heimili til að veita börnum viðtöku til umönnunar, stuðnings, afþreyingar eða hollra tómstunda að fengnum leyfi Barnaverndarstofu.

□ Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um framkvæmd 1. og 2. mgr. þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, réttindi barna, samninga um vistun, stuðning og eftirlit.

XVII. kafli. Almenn verndarákvæði.**■ 92. gr. Útivistartími barna.**

□ Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.

□ Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

■ 93. gr. Eftirlit með sýningum og skemmtunum.

□ Barnaverndarnefnd skal eftir því sem hún telur ástæðu til hafa eftirlit með leiksýningum hvers konar og opinberum sýningum eða skemmtunum ætluðum börnum. Þeim er veitir forstöðu skemmtun eða sýningu sem ætla má að börn muni sækja er skylt að kveðja til barnaverndarnefnd eða fulltrúa hennar og gefa nefndinni kost á að kynna sér efni sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur að skemmtun sé með einhverjum hætti skaðleg börnum getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Forstöðumenn skemmtunar skulu á sinn kostnað geta bannsins í auglýsingum og bera ábyrgð á að það sé haldið.

□ Þeim sem skipuleggja eða bera ábyrgð á fyrirsætu- og fegurðarkeppni, og annarri keppni af því tagi þar sem þátttakendur eru yngri en 18 ára, er skylt að tilkynna um keppnina til Barnaverndarstofu. Ráðherra getur sett nánari reglur um þátttöku barna í slíkri keppni að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

□ Börnum yngri en 18 ára er óheimilt að taka þátt í nektarsýningum eða öðrum sýningum af kynferðislegum toga. Skipuleggjendur slíkra sýninga bera ábyrgð á því að þátttakendur í þeim hafi náð tilskildum aldri.

■ 94. gr. Skyldur foreldra og forráðamanna.

□ Foreldrar eða forráðamenn barna skulu sjá til þess að börn hlíti ákvæðum þessa kafla um útivistartíma, þátttöku í sýningum og skemmtunum og fyrirsætu- og fegurðarsamkeppni og virði aldursmörk og annað í því sambandi. Þeim ber jafnframt, eftir því sem í þeirra valdi er, að vernda börn gegn ofbeldis- og klámefni eða öðru slíku efni, m.a. með því að koma í veg fyrir aðgang þeirra að því.

■ 95. gr. Almennt eftirlit barnaverndarnefnda.

□ Barnaverndarnefndir skulu eftir föngum fylgjast með almennum aðstæðum barna. Sjái barnaverndarnefnd ástæðu til að ætla að óæskilegir umhverfisþættir, svo sem framboð á vafasamri afþreyingu eða óheftur aðgangur að ofbeldisefni, hafi neikvæð áhrif á umhverfi barna skal nefndin koma ábendingum á framfæri við þá sem málið varðar eða hlutast sjálf til um úrbætur eftir atvikum.

XVIII. kafli. Refsiákvæði o.fl.**■ 96. gr. Brot gegn tilkynningarskyldu o.fl.**

□ Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að koma vísitandi röngum eða villandi upplýsingum á framfæri við barnaverndarnefnd um atriði sem lög þessi taka til.

□ Ef maður lætur hjá líða að tilkynna barnaverndarnefnd um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns að lífi þess eða heilsu sé hættu búin þá varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

■ 97. gr. Brottnám barns, brot gegn nálgunarbanni o.fl.

□ Ef maður hefur samband, heimsækir eða ónáðar barn gegn banni barnaverndarnefndar eða brýtur gegn lögum fyrir mælum um að víkja af heimili, sbr. 37. gr., varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

□ Hver sem nemur á brott barn sem barnaverndarnefnd hefur ráðstafað samkvæmt lögum þessum eða kemur því til leiðar að brotið er gegn slíkri ráðstöfun skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

□ Brot gegn ákvæðum 2. mgr. 93. gr. varðar sektum.

□ Brot gegn ákvæðum 3. mgr. 93. gr. varðar sektum eða fangelsi í allt að tvö ár.

■ 98. gr. Brot umsjáraðila gagnvart barni.

□ Ef þeir sem hafa barn í sinni umsjá misþyrma því andlega eða líkamlega, misþjóða því kynferðislega eða á annan hátt, vanrækja það andlega eða líkamlega þannig að lífi eða heilsu þess er hættu búin þá varðar það fangelsi allt að fimm árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

■ 99. gr. Brot gagnvart börnum.

□ Hver sem beitir barn refsingum, hótunum eða ógnunum og ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

□ Ef maður hvetur barn til lögbrota, lauslætis, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða leiðir það með öðrum hætti á glapstigu þá varðar það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.

□ Hver sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

■ 100. gr. Lagaskil.

□ Ef málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd hefur hafist í tíð eldri laga gilda ákvæði laga þessara um meðferð máls eftir gildistöku þeirra. Gildir það þótt atvik þau sem mál er sprottið af hafi gerst að einhverju eða öllu leyti í tíð eldri laga.

□ Kærunefnd barnaverndarmála tekur við meðferð allra mála sem skotið hefur verið til barnaverndarráðs og eru þar til meðferðar þegar lög þessi taka gildi, enda eigi ágreiningsefnið undir kærunefnd samkvæmt lögum þessum. Rekstur málsins fyrir kærunefnd barnaverndarmála skal þó aldrei leiða til lakari réttarstöðu aðila en leiða munda af eldri lögum.

□ Hafi barnaverndarnefnd kveðið upp úrskurð um sviptingu forsjár, en úrskurðinum hefur ekki verið skotið til barnaverndarráðs eða úrskurðinum hefur verið skotið þangað en meðferð málsins er ekki lokið, fer um meðferð þess samkvæmt eldri lögum.

■ 101. gr. Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

□ ...

□ Ákvæði 4. mgr. 65. gr. og 2. mgr. 88. gr. laga þessara taka ekki gildi fyrir en 1. janúar 2003.